

## Fwd: Mæliblað - Aðalstræit 8 Ís

**Til** : Kristján Svan Kristjánsson <kristjan@isafjordur.is>;Bygg <bygg@isafjordur.is>  
**Frá** : Lydía Ósk Óskarsdóttir <lydiaosk@gmail.com>  
**CC** : Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>;Smári Karlsson <smarik@isafjordur.is>  
**Heiti** : Fwd: Mæliblað - Aðalstræit 8 Ís  
**Málsnúmer** : 2019080022  
**Málsaðili** : Lydía Ósk Óskarsdóttir  
**Skráð dags** : 13.06.2022 22:20:15  
**Höfundur** : Lydía Ósk Óskarsdóttir <lydiaosk@gmail.com>

**Viðhengi** ATHalstraeti 8 isafirTHi lydiaosk@gmail\_com.pdfATHalstraeti 8 isafirTHi  
lydiaosk@gmail\_com.pdf  
IMG\_2260.jpegIMG\_2260.jpeg  
IMG\_2258.jpegIMG\_2258.jpeg  
dsk eyrarinnar a´ í safirði, í safjarðarbæ.pdfdsk eyrarinnar a´ í safirði,  
í safjarðarbæ.pdf  
IMG\_2792.jpegIMG\_2792.jpeg  
ATHalstraeti 8 isafirTHi lydiaosk@gmail\_com copy.pdfATHalstraeti 8  
isafirTHi lydiaosk@gmail\_com copy.pdf  
umso´kn um bygginharleyfi.pdfumso´kn um bygginharleyfi.pdf

Heil og sæl,

Þann 29. apríl sl. sendi ég þessa formlegu umsókn til Smára Karls um leyfi til að setja upp girðingu á lóðamörkum.

Umsókninni var ætlað að fylgja vinnunni við lóðaleigusamninginn sem fara átti fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd.

Umsókn þessi hefur sennilega ekkert farið lengra, en hér kemur hún aftur.

Auk þess er í viðhengi samþykki aðliggjandi lóðahafa Aðalstrætis 10, teikningar Björns Jóhannssonar landslagsarkitekts og gildandi deiluskipulag Eyrarinnar frá 1997 þar sem lóðin Aðalstræti 8 er teiknuð.

Með bestu kveðju,

- LydiaÓsk

Begin forwarded message:

**From:** Lydía Ósk Óskarsdóttir <[lydiaosk@gmail.com](mailto:lydiaosk@gmail.com)>

**Subject: Re: Mæliblað - Aðalstræit 8 Ís**

**Date:** 29 April 2022 at 10:11:03 GMT

**To:** Smári Karlsson <[smarik@isafjordur.is](mailto:smarik@isafjordur.is)>

Sæll,

Já ég vissi af því og þarf ég að sækja um það formlega? getur það verið með erindinu um lóðaleiguna?

Hér í viðhengi er formleg umsókn um byggingarleyfi fyrir skjólveggi og girðingar 175cm að hæð, sjá gögn frá Birni Jóhannssyni landslagsarkitekt.

Getur þú Smári verið svo vænn að koma þessu með umfjöllunina um lóðaleiguna.

Með bestu kveðjum, LydíaÓsk

On 29 Apr 2022, at 08:19, Smári Karlsson <[smarik@isafjordur.is](mailto:smarik@isafjordur.is)> wrote:

Sæl,

Þá þarf að sækja um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa. Sjá hér í byggingareglugerð:

2.3.5. gr. [Minniháttar mannvirkjagerð undanþegin byggingarheimild og -leyfi

Eftirfarandi minniháttar mannvirki og framkvæmdir eru undanþegnar byggingarleyfi. Þær eru einnig undanþegnar byggingarheimild og tilkynningarskyldu skv. 2.3.6. gr. enda séu þær í samræmi við deiliskipulag og önnur ákvæði reglugerðar þessarar sem við eiga hverju sinni.

- a. Allt viðhald innanhúss og utan, þ.m.t. endurnýjun léttra innveggja.
- b. Uppsetning móttökudiska, allt að 1,2 m að þvermáli, vegna móttöku útsendinga útvarps eða sjónvarps eða móttökuloftnets.
- c. Allt viðhald lóða, girðinga, bílastæða og innkeyrslna.
- d. Gerð palla og annar frágangur á eða við jarðvegshæð lóðar sem hærri er ef hæðarmunur er á milli lóða á lóðarmörkum.

**e. Skjólveggir og girðingar sem eru allt að 1,8 m að hæð og eru ekki nær lóðarmörkum en 1,8 m. Ennfremur girðingar eða skjólveggir sem eru nær lóðarmörkum en 1,8 m og eru ekki hærri en sem nemur fjarlægðinni að lóðarmörkum. Einnig allt að 2,0 m langir og 2,5 m háir skjólveggir sem eru áfastir við hús og í a.m.k. 1,8 m fjarlægð frá lóðarmörkum. Lóðarhöfum samliggjandi lóða er heimilt án byggingarleyfis að reisa girðingar eða skjólveggi allt að 1,8 m að hæð á lóðarmörkum, enda leggi þeir fram hjá leyfisveitanda undirritað samkomulag þeirra um framkvæmdina. Miðað skal við jarðvegshæð lóðar sem hærri er ef hæðarmunur er á milli lóða á lóðarmörkum.**

Kveðja,

Smári

**From:** Lydía Ósk Óskarsdóttir <[lydiaosk@gmail.com](mailto:lydiaosk@gmail.com)>

**Sent:** fimmtudagur, 28. apríl 2022 17:20  
**To:** Smári Karlsson <[smarik@isafjordur.is](mailto:smarik@isafjordur.is)>  
**Subject:** Re: Mæliblað - Aðalstræti 8 Ís

Heill og sæll,

sendi þér einnig teikningar af skipulagi garðsins Aðalstræti 8 - eins og þú sér þá verður hluti girðingar á lóðamörkum 180cm.

Kveðja, - LydíáÓsk

On 28 Apr 2022, at 10:43, Smári Karlsson <[smarik@isafjordur.is](mailto:smarik@isafjordur.is)> wrote:

Sæl Lydía og takk fyrir þetta.

Vegna ráðstefnu í Reykjavík er ég bara einn á tæknideildinni þangað til á mánudag.

Ég tek þetta upp við Axel og Helgu og við reynum að kippa þessu í liðinn hið fyrsta því á því er enginn vafi, afgreiðsla málsins hefur dregist úr hófi fram.

Kveðja,

Smári

---

**From:** Lydía Ósk Óskarsdóttir <[lydiaosk@gmail.com](mailto:lydiaosk@gmail.com)>  
**Sent:** fimmtudagur, 28. apríl 2022 09:19  
**To:** Smári Karlsson <[smarik@isafjordur.is](mailto:smarik@isafjordur.is)>  
**Subject:** Re: Mæliblað

Sæll Smári,

jú ég fékk þetta mæliblað frá Helgu Þuríði 19 feb. 2020 - en þar sem beiðni mín um stækkun lóðarinnar er samkvæmt gildandi deiliskipulagi (sjá mynd) þá hafði ég samband og ítrekaði að fá að girða lóðina samkvæmt uppdrætti gildandi deiluskipulags. við þeim pósti hef ég enn ekkert svar fengið.

28. febrúar 2020 fer Kristján, maðurinn minn, á fund Axels og Helgu Þuríðar. Þar er farið yfir okkar óskir. Á fundinum teiknar Axel upp lóðina í samræmi við deiliskipulagsuppdráttinn og sýnir Kristjáni. Helga sagði á þeim fundi að fyrirmælin um hvað hún átti að teikna og senda okkur hafi ekki verið skýr og að hún hafi því teiknað gildandi lóðamörk og sent okkur.

22. apríl ítreka ég beiðni mína enn og aftur, í þetta sinn sendi ég tölvupóst á Axel, { [skipulag@isafjordur.is](mailto:skipulag@isafjordur.is) og { [thoraar@isafjordur.is](mailto:thoraar@isafjordur.is) - ekkert svar barst.

Við höfum upplýsingar um að á kynningu sem Axel hélt fyrir íbúa í Sindragötublokkinni, Sindragata 4a, hafi hann sýnt uppdrátt með uppteiknuðum lóðamörkum Aðalstrætis 8 í samræmi við okkar óskir um afmörkun lóðar.

Eins og við ræddum í símann í gær þykir mér þetta vera óhóflegur dráttur á afgreiðslu umsóknar okkar um stækkun lóðar. Minn skilningur er að samþykki liggi fyrir um stækkun lóðarinnar en tæknileg atriði við að stofna „millispildu úr landi Ísafjarðar og sameina við eignahluta lóðarinnar“ standi í vegi fyrir að málið verði formlega afgreitt.

Síðan þær upplýsingar bárust eru liðin hátt á þriðja ár. Nú heyrum við af vangaveltum um að byggja eigi aðra blokk austan við Aðalstræti 8 sem ýtir við okkur að klára að girða lóðina af. Það er enn ósk okkar að fá málið formlega afgreitt en biðlundin er á þrotum og því fórum við af stað í framkvæmdir.

Með bestu kveðju, - Lydía Ósk

ps. set í viðhengi samanetekt af samskiptum okkar Kristjáns vegna umsóknar um lóðaleigusamning - einnig mynd af gildandi deiluskipulagi

mið., 27. apr. 2022 kl. 11:13 skrifaði Smári Karlsson <[smarik@isafjordur.is](mailto:smarik@isafjordur.is)>:

Sæl,

Þetta er mæliblaðið sem var unnið á tæknideild.

Ertu viss um að mæliblaðið hafi ekki borist þér? Því í málakerfi bæjarins klemur fram að það hafi verið sent með tölvupósti þann 19. febrúar 2020.

Kveðja,

Smári Karlsson

--

Bestu kveðjur,  
Lydía Ósk